



**85. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 27. maí, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Varaformaður bæjarráðs, Hjördís Blöndal, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Opnun sýningar á Heimilisiðnaðarsafninu.
2. Atvinnumál.
3. Erindi frá Björgunarbatasjóði Húnaflóa.
4. Erindi frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps.
5. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.
6. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi.
7. Bréf frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.
8. Starfsmannamál.
9. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Opnun sýningar á Heimilisiðnaðarsafninu.**  
*Bæjarráð og bæjarstjóri mættu á opnun einkasýningar Guðrúnar Gunnarsdóttur í Heimilisiðnaðarsafninu. Því næst var haldið á bæjarskrifstofu til fundar.*
2. **Atvinnumál.**  
*Undirritaður hefur verið samningur um samstarf við rannsóknþjónustuna Sýni ehf. um að stofna ráðgjafarfyrtæki fyrir matvælaíðnað. Verið er að gera forkönnun á svæðinu til að kanna samstarf við fyrirtæki og leggja mat á arðsemi starfseminnar.*
3. **Erindi frá Björgunarbatasjóði Húnaflóa.**  
*Sjóðurinn leitar eftir stuðningi sveitarfélagsins til að kaupa björgunarskip sem staðsett væri á Skagaströnd og hefði Húnaflóa sem þjónustusvæði. Bæjarráð lýsir yfir ánægju með fyrirhuguð kaup á björgunarskipinu og samþykkir að veita kr. 200 á hvern íbúa í sveitarfélaginu á árinu 2004 og 2005.*
4. **Erindi frá Karlakór Bólstaðarhlíðarhrepps.**  
*Sótt er um fjárstuðning frá Blönduóssbæ til eflingar starfsemi kórsins og menningarstarfsemi í Húnaþingi. Bæjarráð samþykkir 25 þúsund kr. framlag til kórsins.*
5. **Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða.**  
*Frumvarpið er lagt fram til kynningar.*



**6. Erindi frá Sýslumanninum á Blönduósi.**

*Leitað er umsagnar umsóknar um leyfi Veiðihúsa ehf. til að reka hótél og veitingahús á Hótél Blöndu. Bæjarráð veitir leyfinu jákvæða umsögn.*

**7. Bréf frá Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.**

*Ársfundur FSA verður haldinn 24. júní nk. Lagt fram til kynningar.*

**8. Starfsmannamál.**

*Fimm umsóknir bárust um skrifstofustarf. Bæjarstjóri og sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs gera tillögu um að Unnur Arnardóttir verði ráðin. Bæjarráð samþykkir ráðninguna. Ágúst Þór Bragason situr hjá við afgreiðslu málsins.*

**9. Önnur mál.**

*Á borgarafundi í gær komu nokkrar tillögur frá íbúum um hin ýmsu mál, þ.á.m:*

- Fram kom að mikilvægt væri að hestamenn nýttu sér reiðleiðir en ekki gönguleiðir og götur í “gamla bænum” og meðfram Blöndu. Bæjarráð leggur til að forsvarsmenn hestamannafélagsins verði boðaðir á næsta fund bæjarráðs til viðræðna um málið.*
- Ágúst Þór Bragason leggur fram svohljóðandi tillögu: “Lagt er til að farið verði í malbikun á göngustíg við Þingbraut frá gangstétt við pósthús að Garðabyggð í sumar”. Samþykkt samhjóða.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:00.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)